

## Ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2009.

Í dag 15. apríl 2010 var ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2009 tekinn til fyrri umræðu. Eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn. Seinni umræða verður 20. maí n.k.

Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og ársreikninga nr. 144/1994 að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga skulu byggðir á almennum reikningsskilaaðferðum.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009 byggir á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.

### Helstu lykiltölur:

Rekstrartekjur ársins 2009 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrartekjur	676.186	658.592	727.589	703.222
Rekstrargjöld án afskrifta	605.297	617.101	631.033	635.855
Rekstrarniðurstaða án fjármagns liða	70.890	41.491	96.556	67.367
Afskriftir	-39.439	-34.346	-54.209	-48.946
Fjármagnsliðir	-75.128	-72.820	-142.348	-48.281
Rekstrarniðurstaða	-43.678	-6.820	-100.000	-29.860
Efnahagur samstæðu pr. 31.12.2009 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Fyrra ár	Ársreikningur	Fyrra ár
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir	1.705.031	1.498.313	1.713.327	1.535.908
Veltufjármunir	244.524	301.512	133.211	225.507
<b>Eignir samtals</b>	1.949.555	1.799.825	1.846.538	1.761.415
<b>Skuldir og eigið fé</b>				
Eigið fé	777.922	689.072	461.818	429.291
Skuldbindingar	209.919	210.065	209.919	210.065
Langtímaskuldir	788.591	735.530	971.011	926.449
Skammtímaskuldir	173.122	165.157	203.790	195.611
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	1.949.555	1.799.824	1.846.538	1.761.415

Sjóðsstreymi ársins	Sveitarsjóður		Samantekið	
2009 í þús. kr.	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrarniðurstaða	-43.678	325	-100.000	-29.860
Veltufé frá rekstri	60.358	70.379	62.635	85.681
Handbært fé frá rekstri	67.127	65.029	73.973	83.962
Fjárfestingarhreyfingar	-86.392	-87.900	-97.125	-96.600
Fjármögnunarhreyfingar	-54.653	-14.544	-50.766	-7.466
Lækkun á handbæru fé	-73.918	-37.415	-73.918	-20.104

Í hlutfalli við rekstrartekjur	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur	62,94%	54,39%	58,50%	53,21%
Framlög jöfnunarsjóðs	21,26%	22,19%	19,76%	20,78%
Aðrar tekjur	15,80%	23,42%	21,74%	28,28%
<b>Samtals</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>102,27%</b>
Laun og launatengd gjöld	60,53%	59,39%	57,43%	56,78%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	1,40%	2,88%	1,30%	0,00%
Annar rekstrarkostnaður	27,59%	31,42%	28,00%	30,94%
Afskriftir	5,83%	5,22%	7,45%	6,96%
Fjármagnsliðir, nettó	11,11%	1,04%	19,56%	6,87%
<b>Gjöld samtals</b>	<b>106,46%</b>	<b>99,95%</b>	<b>113,74%</b>	<b>101,55%</b>
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	-6,46%	0,05%	-13,74%	0,72%

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
<b>Rekstur</b>				
Rekstrartekjur samtals:	620.354	604.213	656.668	634.676
Rekstrargjöld og fjármagnliðir:	660.426	603.914	746.922	661.626
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	-40.071	298	-90.253	-43.575

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
Efnahagur	2009	2008	2007	2006
Eignir	1.788.583	1.633.234	1.528.985	1.208.995
Eigið fé	713.690	625.294	671.805	507.323
Skuldir og skuldbindingar	1.074.893	1.007.941	857.180	701.672

Aðrar lykiltölur	2009	2008	2007	2006
Veltufjórhlutfall	1,41	1,83	1,57	1,52
Eiginfjórhlutfjall	39,90%	38,29%	43,94%	41,96%
Íbúatala 1.desember	1090	1108	1102	1149

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 727,6 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 676,2 millj. kr.

Rekstrargjöld A og B hluta námu 827,6 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 719,9 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 43,7 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 100,0 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2009 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 461,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 777,9 millj. kr.

Rekstrarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er neikvæð um 100,0 millj. kr. Meginátæður eru fyrir þessu eru:

- Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs A-hluti var neikvæð um 43,7 millj. Helstu ástæður þessarar rekstrarniðurstöðu má rekja til mikillar hækkunar fjármagnskostnaðar vegna hækkunar á verðtryggðum lánum. Hækkun lánanna var gjaldfærð í rekstrarreikningi m.v. stöðu þeirra í lok ársins.
- Tap af Fasteignum Stykkishólms (FSH ehf) upp á 14,0 milljónir króna að stærstum hluta vegna hækkunar á verðtryggingum lána og viðhalds á húsnæðinu að Skúlagötu 9 og Silfurgötu 18.
- Hallarekstur hafnarsjóðs var 5,2 millj.kr. og stafar að stærstum hluta vegna hækkunar á verðtryggingum lána.
- Hallarekstur Fráveitu er 27,1 millj.kr. og skýrir aukin fjármagnskostnaður vegna aukinnar verðbólgu þennan halla að mestu leiti.
- Hallarekstur Framkvæmdasjóðs er 10,0 milljónir kr. og stafar að stærstum hluta vegna hækkunar á verðtryggingum lána.

Það sem er jákvætt við rekstur bæjarsjóðs A og B hluta er að handbært fé frá rekstri er 74,0 millj.kr., ef ekki yrði farið í fjárfestingar og engin ný lán tekin, þá tæki það ekki nema 11,7 ár að greiða upp allar skuldir bæjarsjóðs Stykkishólmsbæjar.

Fjárfestingar voru 97,1 milljónir króna og vegur fjárfesting í þjónustuhúsi á tjaldstæði og gatnagerð þyngst, auk þess var fjárfest í uppbyggingu Eldfjallasafns.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,28%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,43% á íbúðarhúsnæði.

Álagningarhlutfall á aðrar fasteignir var 1,65%. Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Stykkishólmþéjar.

Nánari upplýsingar veitir: Þór Örn Jónsson, bæjarritari, í síma 433-8100